

<b>Fundarnúmer:</b>	527
<b>Dagsetning:</b>	28.01.2008
<b>Tími:</b>	10:00
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

527. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 28. janúar 2008 kl. 10:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

#### **Dagskrá:**

1. Forstöðumaður tæknideildar mætir á fundinn til umræðna um v/vatnsveitu
2. Bréf frá Fiskistofu dags. 22.01.2008.
3. Bréf frá Vilhjálmi Péturssyni dags. 21.01.2008.
4. Bréf frá Norðurlandsskógum dags. 23.01.2008
5. Bréf frá Alþingi dags. 17.01.2008.
6. Bréf frá Siglingastofnun dags. 18.01.2008
7. Bréf Smábátafélagsins Skalla dags. 18.01.2008
8. Fundargerð eignarréttarnefndar Húnaþings vestra frá 14.01.2008
9. Ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra 2007.
10. Ársskýrsla Bóka- og skjalasafns húnaþings vestra 2007.

#### **Afgreiðslur:**

1. Forstöðumaður tæknideildar fór yfir mál vatnsveitu vegna bréfs Hörpu Vilbertsdóttur frá síðasta fundi. Byggðarráð samþykkir að boða bréfitara til fundar með sveitarstjóra, forstöðumanni tæknideildar og formanni byggðarráðs. Þar sem sveitarstjóri er í frí til 7. febrúar n.k. óskar byggðarráð eftir að fundurinn verði haldinn eftir þann tíma.
2. Lagt fram bréf frá Fiskistofu dags. 22.01.2008 varðandi úthlutun byggðakvóta. Byggðarráð samþykkir að óska eftir því við Sjávarútvegsráðherra að hann veiti skipunum undanþágu á 6. gr. reglugerðar nr. 439/2007 um vinnsluskyldu byggðakvótans, þar sem eingöngu er rækjuvinnsla í byggðalaginu, en engin fiskvinnsla. Oddur Sigurðarson kom með eftirfarandi bókun. “Ég lýsi vanþóknun minni á orðalagi Kristjáns Freys Helgasonar hjá veiðiheimildasviði Fiskistofu í tölvupósti til Hinriks Greipssonar dags. 22.01.2008 varðandi byggðakvótann.”
3. Lagt fram afrit af bréfi Vilhjálms Péturssonar til landbúnaðarráðs dags. 21.01.2008 vegna lausagöngu stóðhesta.
4. Lagt fram bréf frá Norðurlandsskógum dags. 23.01.2008, þar sem sveitarstjórn er boðið að fá til sín kynningu á stöðu verkefnisins og framtíðaráformum. Byggðarráð samþykkir að taka boðinu um kynningu fyrir sveitarstjórn, landbúnaðarráð og skipulags- og umhverfisráð.
5. Lagt fram bréf frá Alþingi dags. 17.01.2008, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um samgönguáætlun. Erindinu vísað til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
6. Lagt fram bréf frá Siglingastofnun dags. 18.01.2008, svar við beiðni um ríkisstyrk til endurgerðar flotbryggju í Hvammstangahöfn. Erindinu var vísað til endurskoðunar samgönguáætlunar.
7. Lagt fram bréf frá Smábátafélaginu Skalla dags. 18.01.2008. Ályktun um staðsetningu björgunarþyrilu. Byggðarráð samþykkir að skora á dómsmálaráðherra að beita áhrifum sínum til að björgunarþyrila verði staðsett á Akureyri.
8. Fundargerð eignarréttarnefndar Húnaþings vestra frá 14. janúar 2008 lögð fram til kynningar.
9. Ársskýrsla Brunavarna Húnaþings vestra fyrir árið 2007 lögð fram til kynningar.
10. Ársskýrsla Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra fyrir árið 2007 lögð fram til kynningar.

**Samþykkt að taka á dagskrá:**

**11.** Fundarboð á aðalfund Forsvars ehf. sem haldinn verður mánudaginn 4. febrúar 2008 kl 16:00. Formaður byggðarráðs verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

**12.** Lögð fram styrkumsókn frá Ásgeiri Trausta Einarssyni vegna ferðakostnaðar í æfingabúðir erlendis. Ásgeir sem keppir undir merkjum USVH er í afrekshópi ungmenna árið 2008 og var einnig í hópnum árin 2006 og 2007. Byggðarráð samþykkir að styrkja Ásgeir um kr. 65.000.

**13.** Lögð fram uppsögn á íbúð í Nestúni frá Jónínu Hallgrímsdóttur. Byggðarráð samþykkir að auglýsa íbúðina til leigu.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.11:50.

Elín R. Líndal(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),  
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Stefán Böðvarsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:  
Oddur Sigurðarson(sign.).